



Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 - Reykjavík

Reykjavík, 8. febrúar 2013.

**Efni: Umsögn Félagsráðgjafafélags Íslands um framkvæmdaáætlun í barnavernd fram til næstu sveitarstjórnarkosninga árið 2014 (þingskjal 582-458. mál).**


Að beiðni og fyrir hönd Félagsráðgjafafélags Íslands var stjórn Fagdeildar félagsráðgjafa í barnavernd beðin um að gefa umsögn um ofangreinda þingsályktunartillögu.

Almenn ánægja er með áhersluatriði í þingsályktuninni er varðar margar góðar hugmyndir og má þar nefna langþráð nýtt úrræði fyrir börn og ungmenni í vímuefna. Einnig er ástæða til að fagna áherslu sem lögð verður á fræðslu og kennslu fyrir starfsmenn barnaverndarnefnda. Þá ber að fagna því að Barnahús muni bæta aðstöðu sína til að geta þjónustað börn sem orðið hafa fyrir kynferðislegu ofbeldi svo og börn vegna óviðeigandi kynhegðunar. Vert er að benda á þörfina fyrir sérhæfðri ráðgjöf og vinnu með foreldra barna sem orðið hafa fyrir kynferðislegu ofbeldi.

Fagdeild félagsráðgjafa í barnavernd telur mikilvægt að meta árangur af tilraunaverkefninu um hópmeðferð fyrir börn sem búa við heimilisofbeldi með það í huga hvort halda beri því áfram eða styrkja barnaverndarnefndirnar til að takast sjálfar á við þennan málaflokk. Það sama á við um tilraunaverkefni um meðferð tilkynninga um heimilisofbeldi.

Fagdeild félagsráðgjafa í barnavernd vill fagna aukinni og bættri þjónustu heilbrigðisyfirvalda við börn á lokaðri deild Stuðla, en sá hópur hefur undanfarin ár farið verulega á mis við viðeigandi heilbrigðisþjónustu. Þá standa vonir til að tilfærsla vistheimilis sveitarfélaga til ríkisins leiði til markvissari uppbyggingar á svipuðum úrræðum um allt land, þannig að öll börn hafi aðgang að vistheimilum og þjónusta við börnin aukist.

f.h. Félagsráðgjafafélags Íslands,



María Rúnarsdóttir,  
Formaður Félagsráðgjafafélags Íslands.